

infliximab

Áminningarkort sjúklings

Nafn sjúklings:

Nafn læknis:

Símanúmer læknis:

Þetta áminningarkort inniheldur mikilvægar
öryggisupplýsingar sem þú þarft að hafa í huga
áður en þú færð lyfið Remicade og meðan á
meðferð stendur.

Kortið skal sýna öllum þeim læknum sem koma að meðferðinni.

Þú skalt lesa fylgiseðil Remicade vandlega áður en þú byrjar að nota lyfið.

Dagsetning þegar Remicade meðferð hófst:

Núverandi lyfjagjöf:

Það er mikilvægt að þú og læknirinn þinn skráið sérheiti og lotunúmer lyfsins sem þér er gefið.

Þú skalt biðja lækinn um að skrá niður tegund og dagsetningu síðustu berklarannsóknar hér fyrir neðan:

Próf:

Próf:

Dagsetning:

Dagsetning:

Niðurstaða:

Niðurstaða:

Þú skalt einnig hafa lista meðferðis yfir öll önnur lyf sem þú notar í hvert skipti sem þú leitar til heilbrigðisstarfsfólks.

Listi yfir ofnæmi

Listi yfir önnur lyf

Sýkingar

Áður en meðferð með Remicade hefst

- Segðu læknum frá því ef þú ert með sýkingu, jafnvel þótt hún sé aðeins smávægileg
- Það er mjög mikilvægt að þú segir læknum frá því ef þú hefur einhvern tímann fengið berkla eða ef þú hefur verið í náinni snertingu við einhvern sem hefur verið með berkla. Læknirinn mun rannsaka hvort þú sért með berkla. Þú skalt biðja læknum um að skrá tegund og dagsetningu síðustu berklarannsóknar á kortið.
- Segðu læknum frá því ef þú ert með lifrabólgu B eða ef þú veist eða þig grunar að þú getir borið lifrabólguveiru B í þér.

Meðan á meðferð með Remicade stendur

- Segðu læknum samstundis frá því ef þú hefur einkenni sýkingar. Einkennin geta verið hiti, þreyta, (þrálátur) hósti, mæði, þyngdartap, nætursviti, niðurgangur, sár, tannkvillar, sviðatilfinning við þvaglát eða flensulík einkenni.

Meðganga, brjóstagjöf og bóluþetningar

- Ef þú fékkst Remicade á meðgöngu eða hefur barn á brjósti er mikilvægt að þú upplýsir lækni barnsins um það áður en barnið fær einhverja bólusetningu. Barnið á ekki að fá bólusetningu með lifandi bóluefnum svo sem BCG (notað til að koma í veg fyrir berkla) í 12 mánuði frá fæðingu eða á meðan þú hefur barnið á brjósti, nema læknir barnsins ráðleggi annað.

Hafðu kortið meðferðis í 4 mánuði eftir að þú fékkst síðast Remicade skammt, eða við þungun í 12 mánuði eftir fæðingu barnsins.

Aukaverkanir geta komið fram löngu eftir að þú færð síðasta skammtinn af Remicade.